



Ragnar Þ. Guðgeirsson
Funafold 87
112 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 18. september 2015
Tilv.: VEL15060082/06.52.00

Efni: Skipunarbréf.

Heilbrigðisráðherra skipar þig hér með verkefnisstjóra verkefnisstjórnar um úttekt á öldrunarþjónustu.

Verkefnisstjórninni er falið að gera úttekt á öldrunarþjónustu með það að markmiði að greina núverandi stöðu á heilbrigðishluta þjónustunnar við aldraða, móta tillögur að stefnu og einnig tillögur að aðgerðaáætlun um nauðsynlegar breytingar. Þá skal horft til þróunar síðustu ára, spá fyrir um þróun næstu ára og setja fram tillögur að breytingum á þjónustunni eftir því sem við á. Meðfylgjandi er erindisbréf þar sem hlutverk verkefnisstjórnarinnar er nánar skilgreint.

Verkefnisstjórn um úttekt á öldrunarþjónustu er þannig skipuð:

Ragnar Þ. Guðgeirsson, verkefnisstjóri
Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu
Viðar Helgason, sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þórhildur Kristinsdóttir, öldrunarlæknir

Starfsmaður verkefnisstjórnarinnar verður Inga Birna Einarsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu.

Samráð skal haft við hlutaðeigandi aðila eftir þörfum. Ráðgert er að ljúka verkefninu fyrir lok nóvember 2015.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra

Anna Lilja Gunnarsdóttir
ráðuneytisstjóri

Fylgiskj.: Erindisbréf fyrir verkefnisstjórn um úttekt á öldrunarþjónustu.